



Myndmennt 1. Bekkur 2018-2019

Kennari: Gunnar Gunnarsson

Fjöldi kennslustunda: 1 á viku.

Markmið:

- Að þroska og þjálfa hug og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið með viðeigandi vinnubrögðum.
- Að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.
- Að hjálpa nemendum að tileinka sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að vekja áhuga og auka þekkingu nemenda á listum. (Sjá Aðalnámskrá grunnskóla)

Námsþættir

Farið er m.a. í fyrstu litafræðina, þ.e. frumlitirnir þrír: gulur, rauður og blár eru kynntir og blöndunarmöguleikar þeirra. Nemendur gera myndir með heitum litum og köldum. Einnig eru grunnformin þrjú: hringur, þríhyrningur og ferhyrningur tekin fyrir og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Rætt verður um myndbyggingu og unnið með hana ásamt áferð hluta. Nemendur vinna einnig með leir, grjót ofl. þrívíð efni.

Kennsluaðferðir:

Kennari gerir nemendum grein fyrir verkefni í byrjun tíma, notar gjarnan töflu, tölvu, skjávarpa og bækur til skýringa.

Námsmat:

Horft er til allra hæfnismarkmiða og einstakir matsþættir s.s. virkni og vinnubrögð eru metnir. Einkunn er gefin í bókstöfum.